



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2011 (23. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 19.09.2011 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæsla Íslands

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – skipulagslýsing og matslýsing

Lagt var fram bréf skipulagsfulltrúa til Skipulagsstofnunar, dags. 02.09.2011, þar sem tilkynnt er að skipulagsyfirvöld Keflavíkurflugvallar hygðust hefja endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Bréfinu fylgdi skipulags- og matslýsing sem skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hafði gengið frá á síðasta fundi.

Nokkrar umræður spunnust um skipulags- og matslýsinguna og benti m.a. Sigurður Thoroddsen á að í lýsingunni og í skipulagsvinnunni sjálfri þyrfti að fjalla frekar um þróun og uppbyggingu á flugvelli og gera grein fyrir nýtingarmöguleikum skipulagssvæðisins.

Fram kom að í skipulagsvinnunni verður mögulegt eftir þörfum að fjalla um fleiri þætti en þá sem skýrt er tekið á í skipulags- og matslýsingunni.

Rætt var um kostnaðarskiptingu við gerð aðalskipulagsins milli ISAVIA og Landhelgisgæslunnar, en skipulagið nær bæði yfir A og B svæði.

2. Svæðisskipulag Suðurnesja

Lagðar voru fram athugasemdir og ábendingar RUMSK hópsins, dags. 14.09.2011, við drög að greinargerð með Svæðisskipulagi Suðurnesja. Ákveðið var að nefndarmenn skoðuðu athugasemdirnar nánar eftir fundinn og kæmu eftir atvikum frekari ábendingum til formanns nefndarinnar sem situr í svæðisskipulagsnefndinni.

3. Byggingarframkvæmdir og starfsemi á Fálkavelli 1

Lagt var fram bréf skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 06.07.2011, til Björns Óla Haukssonar, forstjóra ISAVIA, þar sem gert er grein fyrir að ekki hafi verið orðið við



tilmælum hans um að stöðva framkvæmdir við og notkun færanlegra skrifstofueininga og gáma sem staðsettir höfðu verið án tilskilinna byggingarleyfa á lóðinni Fálkavöllur 1.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði nánar grein fyrir málinu á fundinum. ISAVIA er lóðarhafi að Fálkavelli 1. Ekkert hefur verið aðhafst í málinu eftir að ofangreint bréf var sent til ISAVIA. Ekki liggur fyrir samþykki eldvarnareftirlits eða heilbrigðiseftirlits fyrir þeirri starfsemi sem fer fram í framangreindum skrifstofueiningum og gámum á lóðinni.

Skipulagsnefndin leggur áherslu á að málinu verði lokið hið fyrsta í samræmi við lög og reglur.

4. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Drög að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll, sem unnar höfðu verið á vegum ISAVIA; voru sendar innanríkisráðuneytinu fyrir allöngu til frekari afgreiðslu. Skipulagsnefndin leggur áherslu á að auglýsingu og endanlegri staðfestingu ráðuneytisins á skipulagsreglunum verði flýtt eins og kostur er.

5. Sprengiefnageymsla

Jón B. Guðnason gerði grein fyrir erindi sem Landhelgisgæslunni hafði borist frá Reykjavíkurborg um möguleika á að nýta gamlan vatnstank á öryggissvæðinu fyrir sprengiefnageymslu. Ekki hefur verið tekin afstaða til erindisins. Ekki er talin stafa hætta frá sprengiefnageymslunni fyrir flugstöðina eða aðrar sprengiefnageymslur á svæðinu.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 07.10.2011.

Fleira ekki gert, fundi slitið.